Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í nefndum landaurum verður:

	Hundrað		Alin.	
	Kr.	Aur.	Kr	Aur.
Eptir A. eða í fríðu	90	89	»	76
— *B. — í ullu, smjöri og tólg*	67	50	»	56
— *C. — í tóvöru af ullu*	53	62½	»	45
— *D. — í fiski*	63	25	»	53
— *E. — í lýsi*	41	15	»	34
— *F. — í skinnavöru*	63	72	»	53
En meðalverð allra landaura saman talið	380	13½	3	17
og skipt með 6 sýnir:				
meðalverð allra meðalverða	**63**	**36**	„	**53**

51 25. febr.

Skrifstofu norður- og austuramtsins, 25. dag febrúarmán 1882.

J. Havsteen, settur.

Í umboði herra biskupsins *Davíð Guðmundsson.*

— **Brjef ráðgjafans fyrir Ísland** *til landshöfðingja* **um nýtt jarðamat.** — Þjer hafið, herra landshöfðingi, með brjefi 18. nóvember f. á., sent hingað beiðni frá hreppsnefndinni í Landmannahreppi í Rangárvallasýslu um, að jarðirnar í þeim hreppi verði metnar á ný. Hafið þjer um leið látið í ljósi, að það virðist nauðsynlegt eða mjög æskilegt, að jarðabók sú frá 1861, sem lögleidd var með tilsk 1. apríl 1861, verði öll endurskoðuð nú, eins og ráð var fyrir gjört í 4. gr. tilskipunarinnar. Hinsvegar er það ætlun yðar, að eptir umræðum þeim að dæma, er fram komu um þetta mál á alþingi 1877 og aptur síðastliðið ár, sje ekkert útlit til þess, að samþykki alþingis vinnist til slíkrar ráðstöfunar, fyrri en fullkomnar skýrslur liggja fyrir um galla þá, er loði við jarðabókina 1861, og því hafið þjer álitið hagfellt að útveguð yrði nauðsynleg undirstaða til að dæma um þetta eptir, og að á henni væri svo byggt frumvarp til laga um endurskoðun jarðabókarinnar, er lagt yrði fyrir alþingi það, er kemur saman árið 1883. Samkvæmt þessu hafið þjer því lagt það til:

52 28. febr.

að lagt verði fyrir hreppsnefndirnar ásamt hreppstjórunum í hverjum hreppi að semja fullkomna og nákvæma lýsing á öllum jörðum í hreppnum og senda hana hlutaðeigandi sýslunefnd fyrir júnímánaðarlok 1882; skuli í þeirri lýsing skýrt frá landsskuld þeirri og kúgilda-leigum ásamt öðrum þeim eptirgjöldum, ef til eru, sem árlega er svarað eptir jörð hverja, eða hvað hæfilegt eptirgjald sje metið eptir jarðir þær, er eigendur búa sjálfir á samkvæmt reglum þeim, er fyrir skipaðar voru í opnu brjefi 18. júlí 1848 og reglugjörð s. d. um niðurjöfnun á alþingistolli;

að þar sem einstök jörð hefir orðið fyrir rýrnun af nátturunnar völdum og þetta hefir enn áhrif á afnotagildi jarðarinnar, þá verði skýrsla gefin um, hvernig þessari rýrnun sje varið og hve stór hún sje; og að við þær jarðir, er gengið hafa kaupum og sölum eða verið lagðar út í arf við skipti eða metnar til veðsetningar á tímabilinu frá 6. júní 1871 til 6. júní 1881, verði skýrt frá söluverði þeirra, skiptaverði eða matsverði; og að það verði enn fremur lagt fyrir hreppsnefndirnar ásamt hreppstjórunum að taka til íhugunar dýrleika hverrar einstakrar jarðar eptir jarðabókinni og hlutfallið milli dýrleika þeirra sín á milli eptir gæðum, og þegar ójöfnuður þykir á vera dýrleika einstakra jarða, þá að koma fram með tillögur um sanngjarnara mat á hundraðatali jarðanna í hreppnum, þó svo, að *tala jarðarhundraða í hreppnum samanlagðra verði óbreytt;*

að lagt verði fyrir sýslunefndirnar að yfirfara skýrslur þær og tillögur, er frá

52 28. febr. hreppsnefndunum koma, og að gjöra þær athugasemdir við einstök atriði í þeim, sem þeim mætti virðast ástæða til, bæði að því leyti, sem hinar fram komnu skýrslur kynnu að þurfa leiðrjettingar við, og eins um tillögur þær, er fram koma um það, hversu skipta skuli tölu allra jarðarhundraða í hreppnum milli jarðanna, sem í hreppnum eru;

að sýslunefndirnar verði látnar taka til íhugunar hlutfallið milli jarðarhundraðanna í hinum einstöku hreppum sýslunnar og koma fram með tillögur um mat á hundraðatali hreppanna eptir sanngjarnara hlutfalli, þá er ójöfnuður þykir á vera milli hreppanna sín á milli, *þó svo að tala jarðarhundraðanna í sýslunni allri verði óbreytt*, og að þessu starfi verði lokið svo tímanlega, að sýslumennirnir geti með póstum þeim, sem koma til Reykjavíkur í nóvember mánuði þ. á. sent landshöfðingjanum allar skýrslur og tillögur hreppsnefndanna og sýslunefndanna ásamt vottorði sínu samkvæmt embættisbókum sýslunnar um öll jarða-afsöl og jarðavirðingar, sem átt hafa sjer stað á ofannefndum áratug;

að lagt verði fyrir umboðsmenn landssjóðsjarðanna, að afhenda hreppsnefnd hverri fyrir 15. maí þ. á. nákæma skrá yfir umboðsjarðir í hreppi hennar með skýrslu um það árlega eptirgjald, sem þær eru byggðar fyrir, og fyrir sóknarprestana að fá hreppsnefndunum í hendur innan sama tíma skýrslu bæði um þá virðing á bújörðum presta, er gjör var 1878 til afnota við brauðamatið og eins um árlegt eptirgjald það, er landsetar á kirkjujörðum og ljensjörðum greiða;

að landshöfðinginn svo skuli yfirfara skýrslur þær og tillögur, er þannig safnast, og leggja þetta svo fyrir ráðgjafann með uppkasti til lagafrumvarps um endurskoðun jarðabókarinnar, er leggja megi fyrir alþingi 1883.

Með því nú að jeg er samdóma yður, herra landshöfðingi, um þessar tillögur yðar, þá vil jeg þjónustusamlega tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og ráðstöfunar, að jeg samþykki það sem þjer hafið lagt til, þannig, að jeg fel yður að breyta tíma-ákvörðunum þeim, sem til eru teknar, ef yður virðist þess þörf.

53 1 apríl.

Umburðarbrjef

til allra sýslumanna og prófasta um nýtt jarðamat.

Með skírskotun til brjefs ráðgjafans frá 28. febr. þ. á. um endurskoðun jarðamatsins 1861 — og er brjef það prentað í stjórnartíðindum þ. á. B. 52 bls. 61—62, — vil jeg þjónustusamlega skora á yður að hlutast til um, að skýringar þær, er getur um í brjefinu, verði útvegaðar innan þess tíma, sem nú skal greina:

1. Skýrslur þær, er hreppsnefndum í sameiningu við hreppstjóra ber að semja fyrir hvern einstakan hrepp, skulu sendar sýslunefndum innan loka *júlí* mánaðar þ. á., og skulu þær samdar eptir þessari fyrirmynd:

SKÝRSLA

um eptirgjald jarða í hreppi í sýslu.

Nr	Nafn jarðarinnar.	Dýrleiki hennar samkv. jarðabók 1861	Nafn ábúanda.	Árgjöld þau, sem nú eru greidd eptir jörðina.			Mat hreppsnefndarinnar á sanngjörnum leigumála.		Hvenær jörðin hafi síðast verið seld eða virt.	Virðingarverð eða söluverð.	Athugasemdir.
				Landskuld.	Kúgildi á 20 pd. smjörs tals.	Önnur gjöld.	Landskuld eptir meðalverði allra meðalvælnir.	Kúgildi á 20 pd. smjörs tals.			